



Fannborg ehf.,
Bollagörðum 6,
170 Seltjarnarnesi.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Kerlingarfjöllum 25.04.2017

Varðar. Umsögn frá Fannborg ehf, kt 550764 0169, við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2018-2022, mál nr. 402, 146. löggjafarþing.

Með þessu bréfi vill undirritaður, fyrir hönd Fannborgar, vekja athygli hæstvirts Alþingis á líklegum neikvæðum áhrifum af hækkun virðisaukaskatts á gistingu og veitingaþjónustu, sem og almennt á ferðaþjónustu.

Ekki þarf að fjölyrða um gagnsemi þess fyrir þjóðarbúið, að því berist þær gjaldeyristekjur sem ferðaþjónustan skapar, í þessu samhengi telur undirritaður sérstaklega er mikilvægt að minna á að þessar gjaldeyristekjur koma meðal annars vegna atvinnusköpunar í dreifðum byggðum landsins, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu eða í þeim fáu útgerðarplássum sem náð hafa að styrkja sig í kjölfar hagræðingar í sjávarútvegi. Þetta er mikilvægt að hæstvirtir alþingismenn hugleiði er þeir greiða fyrrnefndri tillögu atkvæði sitt.

Í okkar rekstarumhverfi er það svo að við teljum okkur sjá merki um að ákveðnar tegundir ferðaþjónustu séu farnar að eiga undir högg að sækja, má þar meðal annars nefna hópa sem gista jafnan í svefnpokaplássi og ferðast í skipulögðum hópum, undir leiðsögn.

Úr fréttum heyrst að meðal dvalartími ferðamanna sé að styttest, sé kominn niður fyrir 4 daga og hafi styst um 20 – 25% á mjög stuttum tíma. Afleiðing þessarar styttingar er væntanlega fyrst og fremst sú að stærri hluti ferðamanna dvelur eingöngu á höfuðborgarsvæðinu og sækir sér afþreyingu í dagsferðum þaðan.

Þessi fækkun og stytting dvalar verða hvort um sig að teljast grafalvarleg umhugsunarefni og spurning hvort þarna sé að koma í ljós fyrstu vísbendingar um bakslag hjá íslenski ferðaþjónustu, sem nú um stundir á undir högg að sækja vegna hækkandi verðlags á sinni þjónustu.

Hækkun verðlags má rekja til margra þátta, meðal annars kemur þar til almenn hækkun á kostnaði innanlands, laun, leyfisgjöld og önnur vísitölutengd þjónusta og eins hefur styrking krónunnar haft mikil áhrif.

Erlendir greiningaraðilar og fjölmiðlar hafa í vaxandi mæli bent á þessa staðreynd og Ísland er aftur og aftur að fá neikvæða umfjöllun vegna verðlags, bæði á gistingu, veitingum og afþreyingu.



Ferðaþjónusta á Íslandi er nánast alfarið útflutningsgrein og í því samhengi er vert að íhuga samanburð við aðrar útflutningsgreinar, sem flestar eru undanþegnar VSK. Á það meðal annars um sjávarútveg og þekkingarútflutning. Þar fer vinnan við verðmætasköpunina í flestum tilfellum alfarið fram hér innanlands, en þegar kaupandinn er erlendur lögaðili þá er varan eða þjónustan undanþegin VSK.

Það er að sjálfsögðu hvorki okkar hlutverk né markmið þessarar umsagnar að benda á ofangreindar undanþágur, en augljóslega er þarna um misræmi að ræða, sem er umhugsunarefni.

Að teknu tilliti til ofangreinds þá telur undirritaður að það geti hvorki talist klókt né skynsamlegt af þeim sem með meirihluta fara á Alþingi að leggja til í sinni mikilvægu vinnu, að ferðaþjónusta verði færð í efra skattþrep. Afleiðingin er augljós og getur tæplega talist þjóna þjóðarhag.

Undirritaður gerir alvarlega athugasemd við ofangreinda tillögu og hvetur þingheim allan til að beita sér fyrir því að tillögunni verði hafnað.

Með vinsemd og virðingu

Páll Gíslason
Framkvæmdastjóri
Fannborg ehf/ Kerlingarfjöll